

Skólaráðsfundur 10. maí 2017

Fundinn sátu: Óskar G. Björnsson, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Lydia Ósk Jónasdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Guðmundur Loftsson, Þorsteinn Guðmundsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

Indriði Einarsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs Sveitarfélagsins mætti á fundinn til að ræða framkvæmdir við skólann.

Fyrirspurn kom fram til Indriða um hlið við skólarútu til að varna því að nemendur fari út á götuna þegar beðið er eftir skólabílnum. Málið er í vinnslu hjá Sveitarfélaginu og búið er að teikna upp hvernig þetta á að líta út.

Rætt um leiktækin sem skólinn á í geymslu og fyrirhugaða hjólabrettarampa á skólalóðina. Ákveðið var að setja á fund með starfsmönnum sem koma að útgæslu, skólastjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins til að ákvarða nánar hvar mögulegt er að staðsetja þessi leiktæki.

Umferðarljósín við skólann voru til umræðu á síðasta fundi. Drög að dreifibréfi eru tilbúin og verða send í tölvupósti til foreldra. Rætt var um að setja jafnvel tilkynningu í Sjónhornið.

A-álman. Nemendasalerni í A-álmum verða endurnýjuð í sumar og skipt um lagnir. Ekki er áætlað að fara í frekari framkvæmdir á A-álmum á þessu ári. Húsgagnakaup í stofur í A-álmum voru einnig rædd, en núverandi húsgögn eru úr sér gengin og þunglamaleg. Rætt um að það myndi vera strax til bóta ef húsgögn væru endurnýjuð, en til þess þarf sérstaka fjárveitingu.

Loftræstikerfið í skólanum, sérstaklega á skólasafni og þekju, virkar ekki sem skyldi og rætt um að finna þurfi lausn á því.

Bílaplanið við skólann er ekki á framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins að sinni, en kostnaðaráætlun fyrir planið með öllum frágangi er 50-60 milljónir.

Indriði yfirgaf fundinn.

Skóladagatal. Engar athugasemdir hafa borist við skóladagatalið, en tímasetning á Árskóladeginum er þó enn til umræðu innan skólans.

Næsti fundur skólaráðs verður þriðjudaginn 30. maí.